



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**1. fundur stefnuráðs byggðasamlaganna
var haldinn í safnaðarheimili Kársnessafnaðar, Hábraut 1a, Kópavogi,
mánudaginn 22. nóvember 2021
og hófst hann kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Ármann Kr. Ólafsson, Björg Fenger, Dagur B. Eggertsson, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Eypór Laxdal Arnalds, Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Ólafur Ingi Tómasson, Rósa Guðbjartsdóttir, Valdimar Birgisson, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Theódóra S. Þorsteinsdóttir, Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir, Guðrún Ragnarsdóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Guðmundur Ari Sigurjónsson og Helga Hlín Hákonardóttir.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Sara Dögg Svanhildardóttir, Margrét Friðriksdóttir, Ásgerður Halldórsdóttir, Magnús Örn Guðmundsson og Páll Björgvin Guðmundsson boðuðu forföll.

Dagskrá:

Gunnar Einarsson, formaður stjórnar SSH og annar formanna stefnuráðs hélt stutta tölu og setti fundinn. Fundarstjórn var að öðru leyti í höndum Guðrúnar Ragnarsdóttur.

1. Starfsreglur Stefneuráðs byggðasamlaganna og kjör ritara - 2111015

Lögð fram drög að starfsreglum stefnuráðs ásamt minnisblaði Strategíu um starfsreglurnar. Helga Hlín Hákonardóttir kynnti framangreint. Umræður.

Gestir

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs.

Niðurstaða:

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH var kjörin ritari Stefneuráðs byggðasamlaganna.

Nokkrar umræður urðu um framlögð drög að starfsreglum Stefneuráðs og samþykkt breyting varðandi formennsku varaformanns stjórnar SSH þegar borgarstjóri gegnir formennsku í SSH, ásamt nokkrum orðalagsbreytingum. Starfsreglur voru að því loknu samþykktar samhljóða og ritara falið að uppfæra þær í samræmi við ákvarðanir fundarins og staðfesta þær með undirritun sinni.
Samþykkt

2. Stefnumörkun úrgangsmála - Umræður - 2111016

Þátttakendum var skipt upp í þrjá hópa og voru þeir svo skipaðir:

Hópur A: Haraldur Sverrisson, Björg Fenger, Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir, Theódóra S. Þorsteinsdóttir, Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Hópur B: Rósa Guðbjartsdóttir, Eypór Laxdal Arnalds, Valdimar Birgisson, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Guðmundur Ari Sigurjónsson.

Hópur C: Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Ólafur Ingi Tómasson, Kolbrún G. Þorsteinsdóttir.

Fengu hóparnir eftirfarandi þrjú efni til umræðu:

a. Stefnumörkun um hvaða verkefni á sviði úrgangsmála ætla sveitarfélögin sex að vinna sameiginlega að?

Hóparnir fengu 40 mínútur til umræðna og kynntu svo niðurstöður sínar.

b. Hvernig ætla sveitarfélögin að vinna að sameiginlegum verkefnum?

Hóparnir fengu 30 mínútur til umræðna og kynntu svo niðurstöður sínar.

c. Hvaða verkefni sitja eftir hjá Sorpu og hvar ætti að koma þeim fyrir til framtíðar?

Hóparnir fengu 30 mínútur til umræðna og kynntu svo niðurstöður sínar.

Gestir

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs.

Niðurstaða:

Niðurstöður umræðu hópanna kynntar og áfram verður unnið með þær hugmyndir sem fram komu á fundinum.

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri og annar formanna stefnuráðs hélt stutta tölu, og tók saman helstu niðurstöður og fjallaði um áframhaldandi störf stefnuráðs.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:00.